

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um kosningu vígslubiskups, nr. 118 12. mars 1991.

1. gr.

1. tölul. 2. gr. orðist svo:

1. Biskup Íslands; þjónandi vígslubiskup, sóknarprestar og aðstoðarprestar, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1990, í vígslubiskupsdæmi, svo og sérþjónustuprestar, sbr. II. kafla laga nr. 62/1990, sem hafa starfsstöð í vígslubiskupsdæmi. Kennarar guðfræðideildar sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar eða lektorar) enda séu þeir guðfræðikandidatar, biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs og í föstu starfi, í vígslubiskupsdæmi þar sem þeir hafa starfsstöð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 43. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í marsmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í marsmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.